

Sindragata 4a, fjölbýlishús.

Verkfundur nr. 1, Haldinn föstudaginn 17. ágúst 2018.

Viðstaddir:

Garðar Sigurgeirsson	Vestfirskir verktakar ehf.
Brynjar Þór Jónasson	Ísafjarðarbær.
Samúel Orri Stefánsson	Eftirlitsmaður verkkaupa.

1. Opnun tilboðs, samningur.

Tilboð voru opnuð mánudaginn 4. júní s.l. og var tilboði frá lægst bjóðanda, Vestfirskir verktakar ehf. að upphæð krónur **315.893.397,-** tekið.

Verksamningur hefur verið undirritaður.

2. Verkáætlun.

Verkáætlun hefur verið lögð fram.

Verklok eru áætluð 1. október 2019.

Verkið hófst miðvikudaginn 1. ágúst 2018.

3. Verkstjórnendur verktaka.

Umsjónarmaður verktaka

og verkstjóri;

Sveinn Ingi Guðbjörnsson

Sími 862-4430

sveinn@vverk.is

4. Umsjónamaður verkkaupa.

Umsjónarmaður verkkaupa;

Tækniþjónusta Vestfjarða ehf.

456-3902

samuel@tvest.is, sveinn@tvest.is

Eftirlitsmenn verkkaupa:

Tækniþjónusta Vestfjarða ehf.

456-3902,

Sveinn D. K. Lyngmo

Samúel Orri Stefánsson

5. Undirverktakar.

Straumur ehf.

G.G málun ehf.

A.V. Pípulagnir ehf.

5. Hönnunargögn afhent verktaka.

Verktaki hefur fengið afhent útboðsgögn, verklýsingu og teikningar í upphafi verks.

6. Mælingar.

Magnmælingar eru gerðar jafnóðum af verktaka eða verktaka og eftirlitsmanni sameiginlega.

7. Verkfundir.

Verkfundir verða að jafnaði á tveggja vikna fresti. Eða oftár ef þörf er á.

8. Verkstaða.

Búið er að stilla upp mótum fyrir botnplötum lyftugryfju og inntaksklefa, einnig er búið að járnabinda plötur.

Síka þéttidúkur verður pantaður mánudaginn 20. ágúst 2018.

Áætluð verk fram að næsta verkfundi:

Eftirlitsmaður ætlar að setja út 3 úthorn svo hægt sé að hefja uppslátt. Jarðvinnuverktaki á að jafna í rétta hæð undir uppslátt. Smiðir hefja uppslátt á sökklum á efri palli fyllingar.

Byggingarkrani verður kominn á staðinn.

9. Önnur mál.**10. Greiðslur.**

Reikningur hefur ekki verið lagður fram.

Næsti verkfundur er áætlaður föstudaginn 31. ágúst n.k. kl. 10.00.

Fundargerð ritaði

Samúel Orri Stefánsson.
Eftirlitsmaður verkkaupa.

Sindragata 4a, fjölbýlishús.

Verkfundur nr. 2 Haldinn föstudaginn 7. september 2018.

Viðstaddir:

Sveinn Ingi Guðbjörnsson	Vestfirskir verktakar ehf.
Brynjar Þór Jónasson	Ísafjarðarbær.
Samúel Orri Stefánsson	Eftirlitsmaður verkkaupa.

1. Síðasta fundargerð.

Fundargerð verkfundar nr.1 lögð fram og samþykkt.

2. Verkstaða.

Jarðvinnuverktaki er búinn að jafna undir botnplötur.

Búið að steypa og hífa botnplötur fyrir lyftugryfju og inntaksklefa í grunn. Sika þéttidúk er kominn undir botnplötur. Einnig er búið að einfalda veggjauppslátt og járnabinda vegg lyftugryfju og inntaksklefa.

Gámaaðstaða verktaka er komin og uppsett. Krani er kominn inn á lóð og verður reistur í næstu viku.

Vatnslögn er komin inn á lóð.

Áætluð verk fram að næsta verkfundi:

Klára að járnabinda og loka steypumótum fyrir vegg lyftugryfju og inntaksklefa. Rífa mót utan af veggjum, Einnig á að jafna undir sökkla á efri palli og byrja að slá upp fyrir sökkulfótum.

3. Mannafli.

Við verkið vinna að jafnaði eftirtaldir:

- 1 rafvirki
- 1-2 píparar.
- 1-2 verkamaður.
- 1-2 smiðir.
- 1 gröfumaður.

4. Hönnunargögn, breytingar.

Hæðarkóta gólfs í lyftugryfju og inntaksklefa breytt í -0,61 og -0,81 m.y.s

2018

5. Nýjar kröfur verktaka.

Engar.

6. Eldri óafgreiddar kröfur.

Engar.

7. Mælingar.

Magnmælingar munu fara fram jafnóðum og verða þær framkvæmdar af verktaka og umsjónarmanni verkkaupa og/eða eftirlitsmanni.

8. Úttektir.

Verkið er tekið út jafnóðum.

9. Önnur mál.

a)

b)

c)

d)

12. Greiðslur.

Reikningur hefur ekki verið lagður fram.

Næsti verkfundur er áætlaður föstudaginn 21. september 2018 kl. 10.00.

Fundargerð ritaði

Samúel Orri Stefánsson.
Eftirlitsmaður verkkaupa.

Sindragata 4a, fjölbýlishús.

Verkfundur nr. 3 Haldinn föstudaginn 21. september 2018.

Viðstaddir:

Sveinn Ingi Guðbjörnsson

Vestfirskir verktakar ehf.

Samúel Orri Stefánsson

Eftirlitsmaður verkkaupa.

1. Síðasta fundargerð.

Fundargerð verkfundar nr.2 lögð fram og samþykkt.

2. Verkstaða.

Búið er að steypa veggum fyrir gryfjur og rifa utan af. Einnig er búið að ganga frá þéttidúk utan á veggum á gryfjum. Búið er að slá upp og steypa hluta af sökkulfótum á efri palli suðvesturhlíðar. Unnið er að klippa járn fyrir áframhaldandi sökklar.

Áætluð verk fram að næsta verkfundi:

Klára að fylla að veggjum á gryfjum. Jafna jarðveg undir kjallaraplötu. Halda áfram með uppslátt á sökkulfótum á efri þöllum. Setja gólfniðurfall og frárennslisrör milli gryfja.

3. Mannafli.

Við verkið vinna að jafnaði eftirtaldir:

1 rafvirki

1-2 píparar.

1-2 verkamaður.

1-2 smiðir.

1 gröfumaður.

4. Hönnunargögn, breytingar.

5. Nýjar kröfur verktaka.

Engar.

6. Eldri óafgreiddar kröfur.

2018
Engar.

7. Mælingar.

Magnmælingar munu fara fram jafnóðum og verða þær framkvæmdar af verktaka og umsjónarmanni verkkaupa og/eða eftirlitsmanni.

8. Úttektir.

Verkið er tekið út jafnóðum.

9. Önnur mál.

- a)
- b)
- c)
- d)

12. Greiðslur.

Reikningur 1 hefur verið lagður fram og samþykktur að upphæð 9.690.570 kr. m/vsk.

Næsti verkfundur er áætlaður föstudaginn 5. október 2018 kl. 10.00.

Fundargerð ritaði

Samúel Orri Stefánsson.
Eftirlitsmaður verkkaupa.

Sindragata 4a, fjölbýlishús.

Verkfundur nr. 4 Haldinn föstudaginn 5. október 2018.

Viðstaddir:

Sveinn Ingi Guðbjörnsson
Samúel Orri Stefánsson
Sveinn D. K. Lyngmo
Brynjar Þór Jónasson

Vestfirskir verktakar ehf.
Eftirlitsmaður verkkaupa.
Tækniþjónusta Vestfjarða ehf.
Ísafjarðarbær

1. Síðasta fundargerð.

Fundargerð verkfundar nr.3 lögð fram og samþykkt.

2. Verkstaða.

Mót fyrir plötubrún kjallarabotnplötu eru tilbúin og klár til að setja þau niður. Búið er að reisa byggingarkrana. Verið að forvinna kambstál í sökkulfætur í botnplötu.

Áætluð verk fram að næsta verkfundi:

Slá upp plöturönd fyrir kjallaraplötu, járnabinda plötu og fót. Steypa og setja þéttidúk. Setja frárennislagnir undir botnplötu. Einnig þarf að setja sökkulskaut

3. Mannafli.

Við verkið vinna að jafnaði eftirtaldir:

- 1 rafvirki
- 1-2 píparar.
- 1-2 verkamaður.
- 1-2 smiðir.
- 1 gröfumaður.

4. Hönnunargögn, breytingar.

Engar.

5. Nýjar kröfur verktaka.

Komnar eru tafir vegna jarðvinnu um 10 daga.

6. Eldri óafgreiddar kröfur.

Engar.

2018

7. Mælingar.

Magnmælingar munu fara fram jafnóðum og verða þær framkvæmdar af verktaka og umsjónarmanni verkkaupa og/eða eftirlitsmanni.

8. Úttektir.

Verkið er tekið út jafnóðum.

9. Önnur mál.

- a) Óskað eftir að verktaki skili inn kortlagningu steypuskila til eftirlitsaðila. Ekki skal hafa steypuskil útveggja á úthornum.
- b) Afhendingarseðlar úr steypusbílum skal skilað til eftirlitsaðila.
- c)
- d)

12. Greiðslur.

Næsti verkfundur er áætlaður mánudaginn 22. október 2018 kl. 14.00.

Fundargerð ritaði

Samúel Orri Stefánsson.
Eftirlitsmaður verkkaupa.

Sindragata 4a, fjölbýlishús.

Verkfundur nr. 5 Haldinn föstudaginn 26. október 2018.

Viðstaddir:

Sveinn Ingi Guðbjörnsson

Samúel Orri Stefánsson

Sveinn D. K. Lyngmo

Vestfirskir verktakar ehf.

Eftirlitsmaður verkkaupa.

Tækniþjónusta Vestfjarða ehf.

1. Síðasta fundargerð.

Fundargerð verkfundar nr.4 lögð fram og samþykkt.

2. Verkstaða.

Þéttidúkur er að mestu kominn niður undir botnplötu, búið að setja frárennslislagnir undir botnplötu og stúta upp úr plötu. Neðri grind er að mestu kominn og efri grindin er kominn að hálfu leyti. Plöturönd er kominn uppsett. Búið að forbinda burðarbita á eftir að hífa hann á réttan stað.

Áætluð verk fram að næsta verkfundi:

Steypa botnplötu í kjallara, og plan framan við bílgeymslu. Setja snjóbræðslulagnir í plan framan við bílgeymslur. Leggja raflagnaídráttarrör í botnplötu fyrir tengil úti og útiljós. Hefja uppslátt á kjallaraútveggjum.

3. Mannafli.

Við verkið vinna að jafnaði eftirtaldir:

1 rafvirki

1-2 píparar.

3-4 verkamaður.

1-2 smiðir.

1 gröfumaður.

4. Hönnunargögn, breytingar.

Engar.

5. Nýjar kröfur verktaka.

Engar.

2018

6. Eldri óafgreiddar kröfur.

Engar.

7. Mælingar.

Magnmælingar munu fara fram jafnóðum og verða þær framkvæmdar af verktaka og umsjónarmanni verkkaupa og/eða eftirlitsmanni.

8. Úttektir.

Verkið er tekið út jafnóðum.

9. Önnur mál.

a)

b)

c)

d)

12. Greiðslur.

Lagður hefur verið fram reikningur nr.2 að upphæð 7.071.365 kr. og hann samþykktur

Næsti verkfundur er áætlaður föstudaginn 9. nóvember 2018 kl. 10.00.

Fundargerð ritaði

Samúel Orri Stefánsson.
Eftirlitsmaður verkkaupa.

Sindragata 4a, fjölbýlishús.

Verkfundur nr. 6 Haldinn föstudaginn 9. nóvember 2018.

Viðstaddir:

Sveinn Ingi Guðbjörnsson

Samúel Orri Stefánsson

Sveinn D. K. Lyngmo

Vestfirskir verktakar ehf.

Eftirlitsmaður verkkaupa.

Tækniþjónusta Vestfjarða ehf.

1. Síðasta fundargerð.

Fundargerð verkfundar nr.5 lögð fram og samþykkt.

2. Verkstaða.

Búið að steypa botnplötu og plan framan við bílgeymslur. Snjóbræðslulagnir í plan komnar í, einnig raflagnarör fyrir útljós. Búið að slá upp steypumótum fyrir útveggi kjallara. Einnig er búið að setja þéttidúk innan á steypumót. Verið er að vinna við járnbindingu.

Áætluð verk fram að næsta verkfundi:

Halda áfram við uppslátt kjallaraveggja. Setja raflagnarör í steypumót.

3. Mannafli.

Við verkið vinna að jafnaði eftirtaldir:

1 rafvirki

1-2 píparar.

3-4 verkamaður.

1-2 smiðir.

1 gröfumaður.

4. Hönnunargögn, breytingar.

Legu snjóbræðslulagna breytt út í bílplan og ramp, lagnir liggja ofan á járnagrind botnplöu. Búið að uppfæra lagnateikningu.

Einnig var legu á rafmagnsídráttarrörum breytt fyrir útljós og útitengil við ramp.

Lagnir voru lagðar ofan á járnagrind botnplötu og útiplans.

5. Nýjar kröfur verktaka.

Engar.

2018

6. Eldri óafgreiddar kröfur.

Engar.

7. Mælingar.

Magnmælingar munu fara fram jafnóðum og verða þær framkvæmdar af verktaka og umsjónarmanni verkkaupa og/eða eftirlitsmanni.

8. Úttektir.

Verkið er tekið út jafnóðum.

9. Önnur mál.

- a) Verktaki óskar eftir nánari útskýringum varðandi verkuppgjörsform m.t.t. endurgreiðslu virðisaukaskatts til verkkaupa.
- b)
- c)
- d)

12. Greiðslur.

Næsti verkfundur er áætlaður föstudaginn 23. nóvember 2018 kl. 10.00.

Fundargerð ritaði

Samúel Orri Stefánsson.
Eftirlitsmaður verkkaupa.

Sindragata 4a, fjölbýlishús.

Verkfundur nr. 7 Haldinn föstudaginn 23. nóvember 2018.

Viðstaddir:

Sveinn Ingi Guðbjörnsson

Samúel Orri Stefánsson

Brynjar Þór Jónasson

Vestfirskir verktakar ehf.

Eftirlitsmaður verkkaupa.

Ísafjarðarbær.

1. Síðasta fundargerð.

Fundargerð verkfundar nr.6 lögð fram og samþykkt.

2. Verkstaða.

Búið er að steypa u.þ.b. helming af kjallaraveggjum, Búið að einangra og setja takkadúk utan á útveggi kjallara. Jarðvinnuverktaki er að vinna að fyllingu inn í grunn samhliða uppsteypun.

Áætluð verk fram að næsta verkfundi:

Halda áfram við uppslátt kjallaraveggja. Slá upp sökkulfótum og sökkulveggjum á efri palli. Steypuvinna og járnending.

3. Mannafli.

Við verkið vinna að jafnaði eftirtaldir:

1 rafvirki

1-2 píparar.

3-4 verkamaður.

1-2 smiðir.

1 gröfumaður.

4. Hönnunargögn, breytingar.

Engar.

5. Nýjar kröfur verktaka.

Engar.

6. Eldri óafgreiddar kröfur.

Engar.

2018

7. Mælingar.

Magnmælingar munu fara fram jafnóðum og verða þær framkvæmdar af verktaka og umsjónarmanni verkkaupa og/eða eftirlitsmanni.

8. Úttektir.

Verkið er tekið út jafnóðum.

9. Önnur mál.

- a) Verkkaupi óskar eftir því að verktaki uppfæri verkáætlun sína.
- b)
- c)

12. Greiðslur.

Lagður hefur verið fram reikningur nr.3 að upphæð 9.287.117 kr.
Og hann samþykktur.

Næsti verkfundur er áætlaður föstudaginn 7. desember 2018 kl. 10.00.

Fundargerð ritaði

Samúel Orri Stefánsson.
Eftirlitsmaður verkkaupa.

Sindragata 4a, fjölbýlishús.

Verkfundur nr. 8 Haldinn föstudaginn 7. desember 2018.

Viðstaddir:

Sveinn Ingi Guðbjörnsson	Vestfirskir verktakar ehf.
Garðar Sigurgeirsson	Vestfirskir verktakar ehf.
Samúel Orri Stefánsson	Eftirlitsmaður verkkaupa.
Sveinn D. K. Lyngmo	Tækniþjónusta Vestfirðna ehf.
Brynjar Þór Jónasson	Ísafjarðarbær.

1. Síðasta fundargerð.

Fundargerð verkfundar nr.7 lögð fram og samþykkt.

2. Verkstaða.

Búið að slá upp og steypa sökkulfætur á efri palli. Einnig er búið að klára að steypa kjallaraútveggi Sindragötumegin og fram yfir sorpgeymslu. Jarðvinnuverktaki hefur unnið að því að fylla upp að kjallaraveggjum c.a. 1 meter upp á vegg.

Áætluð verk fram að næsta verkfundi:

Áætlað að steypa milliveggi í kjallara og klára útvegg við bilgeymslu. Einnig er stefnt á að steypa sökkla á efri palli. Og að jarðvinnuverktaki vinni að fyllingu inn í grunn á efri palli undir botnplötu. Píparar hefji lagnavinnu frárennslislagna í grunn. Rafvirki heldur áfram með lagnavinnu í steypa vegg.

3. Mannafli.

Við verkið vinna að jafnaði eftirtaldir:

- 1 rafvirki
- 1-2 píparar.
- 3-4 verkamaður.
- 1-2 smiðir.
- 1 gröfumaður.

4. Hönnunargögn, breytingar.

Setja skal rafmagnsopnunarbúnað á kjallarahurð út úr sameign í kjallara.

5. Nýjar kröfur verktaka.

Óskað er eftir að raflagnahönnuður uppfæri grunnmynd kjallara vegna rafmagnsopnunarbúnaðs útihurðar í kjallara.

2018

6. Eldri óafgreiddar kröfur.

Engar.

7. Mælingar.

Magnmælingar munu fara fram jafnóðum og verða þær framkvæmdar af verktaka og umsjónarmanni verkkaupa og/eða eftirlitsmanni.

8. Úttektir.

Verkið er tekið út jafnóðum.

9. Önnur mál.

- a) Verktaki er byrjaður að uppfæra verkáætlun og hún verði lögð fram síðasta lagi á næsta verkfundi.

- b) Tekin voru steypusýni úr botnplötu kjallara þann 1.nóvember 2018. Lágmarksstyrkur steypu er 30 Mpa, meðalstyrkur sýnis var 35,9 Mpa. Og er því styrkur nægjanlegur.

12. Greiðslur.

Næsti verkfundur er áætlaður föstudaginn 21. desember 2018 kl. 10.00.

Fundargerð ritaði

Samúel Orri Stefánsson.
Eftirlitsmaður verkkaupa.

Sindragata 4a, fjölbýlishús.

Verkfundur nr. 9 Haldinn föstudaginn 21. desember 2018.

Viðstaddir:

Garðar Sigurgeirsson
Samúel Orri Stefánsson
Brynjar Þór Jónasson

Vestfirskir verktakar ehf.
Eftirlitsmaður verkkaupa.
Ísafjarðarbær.

1. Síðasta fundargerð.

Fundargerð verkfundar nr.8 lögð fram og samþykkt.

2. Verkstaða.

Kjallarasteypuvinnu að mestu lokið. Einangrun utan á sökklá og kjallaraveggi komin. Byrjað á að stilla upp undir loftplötu kjallara.

Píparavinna: Búið að leggja drenlagnir í kringum blokk og frárennslislagnir í grunn á efri palli hafa verið lagðar. Einnig neysluvatnsrör undir gólfplötu.

Raflagnavinna: Unnið hefur verið að lagnavinnu í steypumót samhliða uppsteypu húss.

Áætluð verk fram að næsta verkfundi:

Stefnt er að því að klára járnbindingu og að steypa gólfplötu 1.hæðar. Lagnavinna verður unnin samhliða uppslætti.

3. Mannafli.

Við verkið vinna að jafnaði eftirtaldir:

- 1 rafvirki
- 1-2 píparar.
- 3-4 verkamaður.
- 1-2 smiðir.
- 1-2 gröfumadur.

4. Hönnunargögn, breytingar.

Raflagnahönnuður er búinn að setja inn breytingar á grunnmynd kjallara og hefur teikning verið afhend verktaka.

5. Nýjar kröfur verktaka.

Engar.

2018

6. Eldri óafgreiddar kröfur.

Engar.

7. Mælingar.

Magnmælingar munu fara fram jafnóðum og verða þær framkvæmdar af verktaka og umsjónarmanni verkkaupa og/eða eftirlitsmanni.

8. Úttektir.

Verkið er tekið út jafnóðum.

9. Önnur mál.

- a) 12. Desember: Tekin voru steypusýni í 4 hólka úr kjallarútveggjum og sökklum. Lofthlutfall mælt og var hlutfall í kringum 9,0-10,5 %.
- b) 14. Desember: Lofthlutfall og sigmál mælt í steypu fyrir íbætingu flots og eftir að floti var bætt í steypu.
Niðurstaða er að lofthlutfall hækkar verulega við íbætingu flots í steypu.
- c) Verklok: Verktaki hefur rétt á 2 vikum í seinkun á verklokum til 15. október 2019. Samanber fundargerð 5.

12. Greiðslur.

Lagður hefur verið fram reikningur nr.4 að upphæð 13.380.468 kr.
og reikningur nr.1 (raflagnir) að upphæð 308.511 kr.
Reikningar samþykktir.

Næsti verkfundur er áætlaður föstudaginn 11. janúar 2018 kl. 10.00.

Fundargerð ritaði

Samúel Orri Stefánsson.
Eftirlitsmaður verkkaupa.

Sindragata 4a, fjölbýlishús.

Verkfundur nr. 10 Haldinn föstudaginn 11. janúar 2019.

Viðstaddir:

Garðar Sigurgeirsson	Vestfirskir verktakar ehf.
Samúel Orri Stefánsson	Eftirlitsmaður verkkaupa.
Brynjar Þór Jónasson	Ísafjarðarbær.
Sveinn D.K. Lyngmo	Tækniþjónusta Vestfjarða ehf.

1. Síðasta fundargerð.

Fundargerð verkfundar nr.9 lögð fram og samþykkt.

2. Verkstaða.

Búið er að slá upp steypumótum fyrir gólfplötu 1.hæðar, loftaplötu í kjallara og þakplötu úti ofan við útiplan.

Lokið er við járnalögn og steypuvinnu ofangreindra atriða.

Píparavinna: Sett voru frárennslisrör og svalaniðurföll í gólfplötu 1.hæðar Einnig voru sett ofnavatnsrör í gólfplötu 1.hæðar.

Raflagnavinna: Búið er að setja allar dósir og lagnir í gólfplötu 1.hæðar og í þakplötu yfir útiplani.

Jarðvinna: Búið er að jarðvegsskipta undir bílastæði framan við blokk.

Áætluð verk fram að næsta verkfundi:

Stefnt er að því að rífa mót utan af plöturönd og í kringum svalir. Einnig á að byrja á uppslætti steyptra veggja á 1.hæð. Stefnt er að því að steypa útveggi 1.hæðar.

Lagnavinna verður unnin samhliða uppslætti.

3. Mannafli.

Við verkið vinna að jafnaði eftirtaldir:

1-2 rafvirkjar.

1-2 píparar.

3-4 verkamaður.

1-2 smiðir.

1-2 gröfumadur.

4. Hönnunargögn, breytingar.

Engar.

5. Nýjar kröfur verktaka.

Engar.

2019

6. Eldri óafgreiddar kröfur.

Engar.

7. Mælingar.

Magnmælingar munu fara fram jafnóðum og verða þær framkvæmdar af verktaka og umsjónarmanni verkkaupa og/eða eftirlitsmanni.

8. Úttektir.

Verkið er tekið út jafnóðum.

9. Önnur mál.

- a) Þann 10.janúar voru brotin steypusýni sem voru steipt 12.desember 2018:
Brotþolskrafta er 30 Mpa. Meðalbrotstyrkur var á lágmarkskröfu 30 Mpa.
- b)
- c)

12. Greiðslur.

Næsti verkfundur er áætlaður föstudaginn 25. janúar 2019 kl. 10.00.

Fundargerð ritaði

Samúel Orri Stefánsson.
Eftirlitsmaður verkkaupa.